

Starfsleyfi fyrir flugeldasýningar árin 2021 til 2024

Heilbrigðisnefnd Austurlands hefur móttakið umsókn frá Björgunarsveitinni Einingu á Breiðdalvík dags. 15.12.2021 þar sem sótt er um starfsleyfi vegna flugeldasýningar á gamlárskvöld

Starfsemin er starfsleyfisskyld skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annara laga og reglugerða sem um starfsemina gilda svo sem lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 414/2017 um skotelda og reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

Leyfishafi: Björgunarsveitin Eining, kt. 510590-2289
Staðsetning: við höfnina á Breiðdalvík
Tímasetning: Milli kl.17⁰⁰ og 18⁰⁰ á gamlárskvöld


1. Gildis- og ábyrgðarsvið

- 1.1 Leyfið tekur til flugeldasýningar um áramót árin 2021 til 2024 að báðum árum meðtöldum Leyfið veitir heimild til einnar flugeldasýningar ár hvert.
- 1.2 Leyfið er veitt með þeim skilyrðum að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir hverju sinni sé fylgt, ásamt gildandi lögreglusamþykkt og neðangreindum skilyrðum.
- 1.3 Leyfishafi er ábyrgur fyrir því að ákvæðum starfsleyfis sé fylgt.

2. Skilyrði

- 2.1 Leyfi Heilbrigðisnefndar Austurlands er skilyrt því að fyrir liggja endanlegt leyfi lögregluyfirvalda fyrir sýningunni.
- 2.2 Skytt er að haga allri háværrí starfsemi þannig að valdi sem minnstu ónæði.
- 2.3 Óheimilt er að hefja skoteldasýningu ef vindátt eða veðrátt er óhagstæð að mati lögreglu.
- 2.4 Sjá skal um að skotsvæðið sé hreinsað sem fyrst að sýningu lokinni og úrgangi komið í viðeigandi förgun.

28. janúar 2022
F.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands,



Leifur Þorkelsson
heilbrigðisfulltrúi



28. janúar 2022

Greinargerð um útgáfu starfsleyfis fyrir flugeldasýningu á Breiðdalsvík

Umsókn um starfsleyfi fyrir flugeldasýningu á Breiðdalsvík um áramót barst þann 15. desember 2021. Umsækjandi er Björgunarsveitin Eining, kt. 510590-2289. Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins hefur verið í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Tillaga að starfsleyfi var útbúin og auglýst á heimasíðu HAUST þann 20. desember sl. og fjögurra vikna frestur til athugasemda rann því út þann 17. janúar sl.

Þar sem umsagnarfrestur um tillöguna var ekki liðinn á gamlársgangi árið 2021 var sótt um undanþágu frá starfsleyfi og veitti Umhverfis- og auðlindaráðuneytið slíka [undanþágu](#) þann 21. desember 2021

Engar athugasemdir bárust við tillöguna innan auglýsts frests. Starfsleyfi er því hér með gefið út.

Virðingarfyllst,


Leifur Þorkelsson
heilbrigðisfulltrúi

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. Laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til nefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.